



ENDURSKOÐUN
Vignir Rafn Gíslason
löggiltur endurskoðandi
og partner hjá PwC

Endurskoðunarnefndir



Félag löggiltra endurskoðenda

Stjórnir fyrirtækja, t.d. í umfangsmiklum og flóknum rekstri, ættu að hugleiða rækilega hvort ekki væri tilefni til að skipa endurskoðunarnefnd.

Hlutverk stjórnar fyrirtækja er að sjá til þess að

skipulag og starfsemi þeirra sé jafnan í réttu og góðu horfi. Því tilheyrir m.a. að framfylgja ákvörðunum hluthafafunda, annast stefnumótun og tryggja almennt að starfsemin á hverjum tíma nái markmiðum sínum. Eftirlitshlutverk stjórnar er víðtækt og því verður ekki útvistað til annarra. Stjórnir félaga geta þó falið undirnefndum að annast tiltekna þætti sem taldir er mikilvægir þannig að þeir fái meiri og dýpri umfjöllun en ella.

Endurskoðunarnefnd er dæmi um undirnefnd stjórnar sem tekur að sér tiltekin verkefni en starfar á ábyrgð stjórnar viðkomandi fyrirtækis. Ákvæði um endurskoðunarnefndir hafa verið sett í íslensk lög en í 108 gr. laga um ársreikninga kemur fram að skylda er að starfrækja endurskoðunarnefndir í svokölluðum einingum tengdum almannahagsmunum.

Undir það fellur að skipa skal endurskoðunarnefndir í félögum sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, hjá lífeyrissjóðum, lánastofnunum og váttryggingarfélögum. Þrátt fyrir að ekki sé skylda að hafa endurskoðunarnefndir hjá öðrum fyrirtækjum og stofnunum hér á landi þá er ekkert sem bannar það. Stjórnir fyrirtækja, t.d. í umfangsmiklum og flóknum rekstri, án þess að falla undir að vera eining tengd almannahagsmunum, ættu að hugleiða rækilega hvort ekki væri tilefni til að skipa endurskoðunarnefnd.

Slík tilhögun styrkir stjórnarhætti fyrirtækjanna og leiðir til þess að mikilvæg atriði eins og ársreikningsgerð, endurskoðun og áhættustýring fær meiri athygli og hjálpar þannig stjórn að rækja hið mikilvæga eftirlitshlutverk sitt.

Hvert er svo meginhlutverk endurskoðunarnefndar? Samkvæmt 108. gr. laga um ársreikninga skal endurskoðunarnefnd meðal annars hafa eftirfarandi hlutverk:

- 1) Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- 2) Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu.
- 3) Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.
- 4) Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunar-fyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
- 5) Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.

Það er á ábyrgð stjórnar viðkomandi fyrirtækis að skipa í endurskoðunarnefnd. Að minnsta kosti einn nefndarmanna skal hafa staðgóða þekkingu eða reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda fyrirtækis og jafnframt skal meirihluti nefndarinnar óháður viðkomandi fyrirtæki. Hvað varðar skilgreiningu á því hvað er að vera óháðir viðkomandi fyrirtæki hafa verið uppi mismunandi sjónarmið.

Í umræðuskjali 6/2011 frá FME um endurskoðunarnefndir hjá eftirlitsskyldum aðilum kemur fram sú túlkun FME að meirihluti nefndarmanna verði að vera utan stjórnar viðkomandi fyrirtækis. Þessi túlkun er afar þröng og ekki í samræmi við skipan endurskoðunarnefnda víða erlendis. Undirritaður hefur reynslu af störfum sem endurskoðandi þar sem endurskoðunarnefndir hafa verið skipaðar og eins af setu í endurskoðunarnefnd. Byggt á þeirri reynslu er það mat undirritaðs að mikilvægt sé að sterk tenging endurskoðunarnefndar sé við stjórn og því sé ekki besta leiðin að meirihluti nefndarinnar sé utan stjórnar, enda ber stjórn endanlega ábyrgð á starfsemi fyrirtækisins og þar með t.d. ársreikningi. Það vekur athygli að umræðuskjal FME var sett fram árið 2011 en hefur enn ekki orðið að leiðbeinandi tilmælum. Undirrituðum er ekki ljóst hvers vegna skjalíð hefur svo lengi verið í drögum en mikilvægt er fyrir alla eftirlitsskylda aðila að festa og samræmi sé í skipan nefndanna. Núna er staðan þannig að í sumum fyrirtækjum og stofnunum er meirihluti nefndarmanna utan stjórnar og annars staðar ekki.

Að lokum skal lögð áhersla á mikilvægi þess að gætt sé fagmennsku og aga í starfsemi endurskoðunarnefnda. Gott skipulag, starfsreglur og reglulegt sjálfsmat skipta þar miklu. Rannsóknir erlendis hafa einmitt stutt það, þ.e. þar sem virkni endurskoðunarnefnda er best, byggist hún á ítarlegum starfsreglum og reglulegu mati á störfum nefndarinnar.

Birt í Viðskipta Mogganum fimmtudaginn 3. júlí 2014 bls. 12.